

Frístunda- og gestahús MÍ 2010

Byggingalýsing



Byggingarlýsing fyrir Gestahús MÍ 2010 sem byggður verður af nemendum og kennurum á húsasmíðabraut á vorönn 2010 og verður hægt að afhenda í júní 2010.

Hér er um að ræða 25,0 m² hús, eða 78,5 m³ sem ætlað er sem frístunda-eða gestahús í tengslum við sumarhús, og því ætlað að þjóna þeim sem viðbótarrými.

Húsið er byggt eftir sömu teikningu og Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hefur notað og eru myndirnar af húsi sem byggt var 2008-2009 við FB.

Gólf:

Dregarar eru 2x50x200mm, gólfbitar 50x150mm með grenikrossvið á milli, 125mm léttull, þolplasti og skrúfuðum 22mm v313 gólfplötum.


Veggir:

Veggjagrind er úr 48x122mm grindarefni. Að utan er veggjagrind klædd með 9mm grenikrossvið. Listar eru undir liggjandi vatnslæðningu sem er fúavarin en ólituð.

Gluggar eru úr furu, en útihurð og laus fög eru úr Oregon Pine. Gler er verksmiðjuframleitt einangrunargler. Undirlistar verða úr áli en aðrir listar úr furu og o.pine.

Í útveggi er sett 125mm steinull og þar fyrir innan er rakavarnalag, eða 0,2 mm þolplast.

Fyrir innan þolplast er svo 34 X 45 mm lagnagrind þar sem gert er ráð fyrir raflögnum. Áfellur í glugga og hurð ásamt klæðningu mun vanta.



Innveggir:

Innveggjagrindur er úr 45x70mm og 45x95mm. Eftir er að einangra innveggi og klæða.


Bað:

Búið verður að ganga frá lagnagrind í útvegg, en meðal annars verður eftir að klæða útveggi og setja áfellur í glugga, einangra millivegg, setja innihurð og plötuklæða bæði vegg og loft. Vatnslagnir og niðurföll vantar.



Þak:

Þak er hefðbundið tvíhalla þak, rispak, byggt með 48x148mm kraftsperrum klætt með 25x150mm borðaklæðningu, þakpappa og þakjárn. Þakið er loftað með 2 32 mm plastrorum á milli sperra og vindpappa undir þau. Loftun þaks er samkvæmt teikningum. Þakið er svo einangrað með 150mm steinull og þolplast þar undir. Síðan er raflagnagrind. Eftir verður að leggja raflögn og klæða loft.



Lagnir:

Raflagnir vantar ásamt vatnslögnum og frárennslislögnum.

U-gildi

Þak: 0,20	Útveggir: 0,30	Gólf: 0,25	Gluggar: 2,0
-----------	----------------	------------	--------------